

**24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í Norð-
ur- og Austur-umdæminu, um fjárbannið hjá prest-
inum sèra Gísla Gíslasyni á Staðarbakka.**

1859.
6. júlí.

Stjórnin hefur fengið álit yðar, herra amtmaður, dags. 3. febrúar þ. á., um umkvörtun þá, er stiptsyfirvöldin á Íslandi höfðu sent stjórn kirkju- og kennslumálanna um fjárbann, er lagt hefði verið á 200 dala virði af eigum prestsins sèra Gísla Gíslasonar á Staðarbakka, til að borga með kostnað þann, er leiða kynni af ráðstöfunum þeim, er taka kynni þurfa til að afstýra því, að fæ það gerði skaða, sem presturinn um vorið 1858 hafði rekið suður í Borgarfjarðarsýslu, ef það slyppi þaðan aptur.

Hvað mál þetta snertir, er stjórnin að öllu samtöldu mótfallin aðferð þeirri, er höfð hefur verið við prestinn, og bjóðum vèr yður því að apturkalla fjárbannið þegar í stað, og að láta mál það, er höfðað hefur verið móti presti, falla niður; og enn fremur, þegar þetta er gjört, þá að skýra stjórninni frá því.

**25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í Norð-
ur- og Austur-umdæminu, um ólöglega sölu á
nokkrum frakkneskum þiljubátum.**

9. júlí.

Eptir að sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu hafði skýrt yður frá, að nokkrir frakkneskir fiskimenn frá *Paimbol* hefðu á Nesi í Norðfirði sumarið 1858 byggt 11 þiljubáta úr efni, sem flutt var til Íslands móti reglum þeim, sem lög 15. apríl 1854 innihalda, og að bátar þessir, nema einn, sem hefði týnzt, nú væru til sölu, hafið þér, herra amtmaður, boðið sýslumanni fyrst um sinn að leggja löghald á báta þessa, og auk þessa í bréfi 9. febrúar f. á. spurt stjórnina, hvað þér framvegis ættuð að gjöra viðvíkjandi máli þessu.

Í þessu tilliti gefst yður hérmeð til vitundar, að mál þetta verður að ganga til dóms og laga samkvæmt lögum 15. apríl 1854 §§ 9 og 10, og bátarnir, meðan á því stendur, vera í löghaldi.